

Ágæti þingmaður

Við óskum eftir jafnrétti og réttlæti í okkar garð, starfsfólks okkar og viðskiptavina

Íslensk fyrirtæki í matvælaíðnaði eiga undir högg að sækja eins og önnur fyrirtæki í landinu. Vandinn felst ekki í minnkandi sölu, því landsmenn hafa aldrei verið duglegri að velja íslenskt, heldur því að allur rekstrakostnaður hefur hækkað. Honum hefur ekki verið velt út í verðlagið. Afleiðingin er versnandi afkoma sem leiðir til þess að við verðum að leita allra leiða til að draga úr framleiðslukostnaði. Í lengstu lög höfum við reynt að verja störf okkar góða starfsfólks.

Við skorumst ekki undan því að taka okkar skerf af þeim skattahækkunum sem lagðar eru á atvinnulífið og framleiðsluvörur þess og þjónustu. Það gildir um aukinn rafmagnskostnað, eldsneytiskostnað, launakostnað vegna atvinnuþryggingagjalds og hærri tekjuskatt sem ríkisstjórnin boðar.

Við sköpum atvinnu og spörum gjaldeyri. Það virðist ætlun stjórnvalda að torvelða okkar starfsemi með því að flytja framleiðsluvörur okkar úr 7% í 14% virðisaukaskattþrep meðan aðrar matvörur verða áfram í 7% þrepinu.

Okkur þykir afar ósanngjarnt og óskynsamlegt að enn einu sinni eigi að skattleggja sumar íslenskar matvörur meira en aðrar. Það var gert síðast fyrir aðeins tæpum þremur mánuðum þegar sérstakur skattur var lagður á okkar vörur með vörugjöldum.

DÆMI UM SKATTAHÆKKANIR FRÁ ÁGÚST 2009 TIL MARS 2010							
	Ágúst 2009	Sept 2009	Mars 2010				
	verð í búð með vsk	verð í búð með vsk	verð í búð með vsk	Hækkun alls	Hækkun í %	Þar af vörugjöld	Þar af hækkun vsk
Kolsýrt vatn, 2 lítr	268 kr.	302 kr.	321 kr.	54 kr.	20%	32 kr.	22 kr.
Hreinn ávaxtasafi, 1 lítr	213 kr.	230 kr.	245 kr.	32 kr.	15%	16 kr.	16 kr.

Eina vörn okkar gegn þessum skattahækkunum er að draga úr breytilegum kostnaði sem er að mestu aðföng og laun. Fari fram sem horfir er óhjákvæmilegt að við verðum að fækka starfsfólki og draga eins og kostur er úr launakostnaði vegna þeirra sem eftir verða.

Við skorum á þingmenn að láta eitt yfir alla ganga í þessum efnunum og hverfa frá þeirri mismunun sem felst í því að velja að geðþótta sí og æ sömu vörur gamalgróinna íslenskra iðnfyrirtækja og skattleggja þær sérstaklega. Við teljum okkur hafa staðið okkur vel í harðri samkeppni við innflutning og viljum axla okkar byrðar eins og aðrir en það er ekki heiðarlegt af löggjafanum að leggja á okkur þyngri byrðar en aðra eða draga matvælaframleiðendur í dilka með þessum hætti.

Nói - Síríus, Kjarnavörur, Vífilfell, Frón, Ölgerðin, Kexsmiðjan, Góa, Katla, Freyja

SAMTÖK IÐNAÐARINS